

AUGLÝSING**um niðurfellingu framleiðsluforskrifta lyfja.**

Frá og með 1. apríl 1981 er framleiðsla eftirtalinnna forskriftarlyfja og lyfja framleiddum skv. óstuðluðum forskriftum óheimil.

Tablettaa ascobicae 50 mg Norð.

Tablettaa ascobicae 100 mg.

Tablettaa ascobicae 500 mg.

Tablettaa codimagnyli DD 63.

Tablettaa diazepami 5 mg.

Tablettaa magnyli Nord.

Heimilt er að afhenda viðkomandi lyf í smásölu til og með 30. júní 1981.

Auglýsing þessi er birt með stoð í reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334/1979. Jafnframt fellur niður auglýsing með sama heiti nr. 488/1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 30. desember 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 659.

31. desember 1980.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 402/1976 um námslán og námsstyrki.****1. gr.**

2. gr. hljóði svo:

Óháð ákvæðum 1. gr. skulu námsmenn við eftirtaldar námsstofnanir eiga kost á námsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð og eftir því sem sérstök fjárveiting leyfir hverju sinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.

Fósturskóli Íslands.

Hjúkrunarskóli Íslands.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Iðnskólar, framhaldsdeildir, 2. og 3. ár.

Íþróttakennaraskóli Íslands.

Leiklistarskóli Íslands.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands, 3. og 4. ár.

Nýi hjúkrunarskólinn.

Stýrimannaskólar.

Tónlistarskólar: 2 síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík.

Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og tækninám, annað en meinatækni.

Vélskólar.

Þroskaþjálfaskóli Íslands.

Nám á tæknifræðistigi og meinatækninám við Tækniskóla Íslands, svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri telst aðstoðarhæft skv. 1. gr.